

STARFSSKÝRSLA 2013

SKÝRSLA BREIÐAFJARÐARNEFNDAR

TIL UMHVERFIS- AUÐLINDARÁÐHERRA



Kómetuhjallur á Miðbúðarparti í Bjarneyjum á Breiðafirði

Mynd: Pálmi Freyr Sigurgeirsson

Forsíðumynd:

Í Bjarneyjum var lífhöfn í öllum áttum. Bogadreginn vogur liggur milli Heimaeyjar og Búðeyjar. Hægt er að koma að báðum endum hans úr öllum áttum. Bjarneyjaáll liggur norðan við eyjarnar og er stuttur róður út í hann þar sem löngum voru fengsæl fiskimið. Vinnuvélar hafa ekki komið við í Bjarneyjum. Þar eru því miklar mannvistarleifar óraskaðar en tímans tönn vinnur. Áberandi eru fiskhjallarústir. Við Voginn eru margar hlaðnar bryggjur, reitir og fjöldi lendinga en ekki naust. Þar var á árabátatímanum stærsta verstöð á Íslandi.

Inngangur

Breiðafjarðarnefnd starfar í samræmi við lög nr. 54/1995 um vernd Breiðafjarðar, en tilgangur laganna er að stuðla að verndun Breiðafjarðar, einkum landslags, jarðmyndana, lífríkis og menningarminja. Hlutverk nefndarinnar er að vera ráðherra til ráðgjafar um allt það er lýtur að framkvæmd laga um vernd Breiðafjarðar. Nefndin skal skv. 4. gr. laganna gefa umhverfisráðherra árlega skýrslu um störf sín.

Vegna heildarendurskoðunar á lögum um Stjórnarráð Íslands var lögum um vernd Breiðafjarðar breytt með 210. gr. laga nr. 126/2011 á þann veg að í stað orðsins „umhverfisráðherra“ í 3. gr., tvívegis í 1. mgr. 4. gr. og 1. mgr. 5. gr. laganna kemur: ráðherra, og í stað orðsins „Menntamálaráðherra“ í 2. mgr. 5. gr. laganna kemur: Ráðherra er fer með málefni menningarminja.

Vegna fullgildingar Árósasamningsins var lögum um vernd Breiðafjarðar breytt með 22. gr. laga nr. 131/2011 þannig að við 6. gr. laganna bættist ný málsgrein, svohljóðandi: Ákvarðanir sem Umhverfisstofnun tekur og varða veitingu, endurskoðun eða afturköllun leyfis samkvæmt þessari grein sæta kærui til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Um aðild, kærufrest, málsmeðferð og annað er varðar kærui fer samkvæmt lögum um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála.

Með nýjum sveitarstjórnarlögum nr. 138/2011, 134. gr., var lögum um vernd Breiðafjarðar breytt þannig: Í stað orðanna „Héraðsnefndir Dalasýslu, Austur-Barðastrandarsýslu, Vestur-Barðastrandarsýslu og Snæfellinga tilnefna einn fulltrúa hver“ í 2. málsl. 1. mgr. 4. gr. laganna kemur: Sveitarfélög sem liggja að Breiðafirði tilnefna fjóra fulltrúa á þann hátt sem ráðherra ákveður í reglugerð.

Aðsetur Breiðafjarðarnefndar

Skrifstofa Breiðafjarðarnefndar er samkvæmt ákvörðun umhverfis- og auðlindaráðherra vistuð hjá Náttúrustofu Vesturlands, Hafnargötu 3, í Stykkishólmi og hefur svo verið frá árinu 2001.

Skipan Breiðafjarðarnefndar

Umhverfis- og auðlindaráðherra, sem fer með stjórn mála er varðar vernd Breiðafjarðar, skipar Breiðafjarðarnefnd til fjögurra ára í senn. Núverandi nefnd var skipuð af ráðherra þann 10. október 2012.

Eftirfarandi fulltrúar sitja í Breiðafjarðarnefnd:

- Halla S. Steinólfsdóttir bóndi, formaður, skipað án tilnefningar, til vara Guðríður Þorvarðardóttir landfræðingur.
- Arnheiður Jónsdóttir verkefnastjóri tilnefnd af Vesturbyggð, til vara Þórólfur Halldórsson sýslumaður.
- Eiríkur Snæbjörnsson bóndi, tilnefndur af Reykhólahreppi, til vara Signý Magnfríður Jónsdóttir bóndi.
- Sigurður Þórólfsson bóndi, tilnefndur af Dalabyggð, til vara Hugrún Hjartardóttir bókavörður.
- Erla Friðriksdóttir framkvæmdastjóri, tilnefnd af Héraðsnefnd Snæfellinga, til vara Ásgeir Gunnar Jónsson byggingameistari.
- Trausti Baldursson forstöðumaður, tilnefndur af Náttúrufræðistofnun Íslands, Náttúrustofu Vestfjarða og Náttúrustofu Vesturlands, til vara Róbert A. Stefánsson forstöðumaður.
- Magnús A. Sigurðsson minjavörður, tilnefndur af Minjastofnun Íslands, til vara Agnes Stefánsdóttir fornleifafræðingur.

Ritari Breiðafjarðarnefndar er Pálmi Freyr Sigurgeirsson.

Fundir Breiðafjarðarnefndar

Breiðafjarðarnefnd hélt átta nefndarfundi á árinu 2013 og voru sex þeirra haldnir í Stykkishólmi, einn fundur haldinn í Náttúrufræðistofnun Íslands í Garðabæ og einn fundur í Flatey á Breiðafirði.

Auk hefðbundinna nefndarfunda funduðu Halla S. Steinólfsdóttir formaður og Guðríður Þorvarðardóttir varaformaður með Sigurði Inga Jóhannssyni umhverfis- og auðlindaráðherra, og afhentu honum starfsskýrslu Breiðafjarðarnefndar fyrir árið 2012.

Umfjöllun mála og afgreiðslur nefndarinnar er að finna í fundargerðum sem fylgja skýrslunni í [Viðauka I.](#)

Kostnaður við störf nefndarinnar


Fjárveitingar til Breiðafjarðarnefndar skv. fjárlögum fyrir árið 2013 námu 8,0 millj. kr., sem var hækkun á fjárlögum milli ára annað árið í röð. Árið 2012 hafði nefndin 7,8 millj. kr. á fjárlögum.

Fjármál Breiðafjarðarnefndar árið 2013

Fjárheimild ársins 2013	8.000.000	
Samstarfssamningar:		
Samningur við Náttúrufræðistofnun Íslands vegna verndaráætlunar		2.578.000
Kostnaður vegna funda:		
Nefndarlaun vegna ársins 2012		662.540
Akstur, bílaleigubílar, gistirými og dagpeningar		1.468.287
Annar kostnaður vegna funda		124.685
Útgáfa		
Endurprentun á Breiðafjarðarbæklingum		305.956
Kostnaður vegna vettvangsferðar:		
Sigling ,leiðsögn og veitingar		545.600
Rekstur skrifstofu:		
Samningur við Náttúrustofu Vesturlands v. ritara og skrifstofu		2.180.681
Tölvu- og kerfisfræðipjónusta (vistun heimasíðu)		22.228
Auglýsingar		8.320
Vextir, bætur, skattar		6.495
Opinber gjöld		68.627
Alls	8.000.000	7.971.419
Rekstrarafgangur		28.581

8.000.000 8.000.000

Á árunum 2003 til 2009 hækkaði fjárheimild Breiðafjarðarnefndar örlítið frá ári til árs en lækkaði síðan 2010 og 2011. Árið 2003 nam heimildin 6,7 millj. kr., árið 2004 6,9 millj. kr., árið 2005 7 millj. kr., árið 2006 7,4 millj. kr., árið 2007 7,8 millj. kr., árið 2008 8,1 milj. kr. og árið 2009 var hún 8,4 milj. kr. Fjárheimild nefndarinnar árið 2010 lækkaði hins vegar og var 7,9 milj. kr., árið 2011 var hún 7,2 milj. kr. og árið 2012 7,8 millj. kr. Ef fjárveitingar hefðu fylgt launavísitölu frá árinu 2003 hefði fjárveiting ársins 2013 átt að nema rúmum 12,8 millj. kr. en var samkvæmt fjárlögum 8,0 millj. kr.



Starfsemi á árinu 2013

Helstu verkefni

Á árinu 2013 fjallaði Breiðafjarðarnefnd um erindi sem nefndinni bárust. Flest voru erindi vegna skipulagsmála. Varðandi afgreiðslu innsendra erinda er vísað í meðfylgjandi fundargerðir í [viðauka I](#). Listi yfir innsend og útsend erindi er í [viðauka II](#).

Verndaráætlun

Í lögum um vernd Breiðafjarðar er sérstaklega kveðið á um gerð verndaráætlunar með það að markmiði að tryggja vernd svæðisins þ.e. landslags, jarðmyndana, lífríkis og menningarminja eins og fram kemur í 1. gr. laga um vernd Breiðafjarðar.

Vinna við verndaráætlunina var fyrirferðamikil á árinu. Á árinu var samið við Náttúrufræðistofnun Íslands um að vinnuna áfram með verndaráætlun fyrir Breiðafjörð á grunni vinnu fyrri vinnu og athugasemda sem Breiðafjarðarnefnd höfðu borist. Í nóvember voru ný drög að verndaráætlun fyrir Breiðafjörð send út til þeirra sveitarfélaga sem liggja að verndarsvæði Breiðafjarðar til umsagnar. Óskað var eftir því að umsagnir bærust nefndinni eigi síðar en 15. Desember 2013. Stykkishólmsbær, Snæfellsbær og Grundafjarðarbær óskuðu eftir kynningarfundum á verndaráætluninni og fresti til að skila inn umsögn þar til fundurinn hefur farið fram. Nefndin samþykkti að verða við ósk sveitarfélaganna. Kynningarfundurinn verður haldinn 16. janúar 2014. Búast má við að Breiðafjarðarnefnd geti á næsta ári lagt tillögu sína að nýrri verndaráætlun fyrir ráðherra til staðfestingar.

Örnefna- og fornleifaskráning

Breiðafjarðarnefnd hefur verið í samstarfi við Náttúrustofu Vestfjarða um skráningu örnefna í Dalabyggð allt frá desember 2009. Náttúrustofan náði ekki að klára skýrslugerð fyrir árslok en snemma á næsta ári er að vænta skýrslu um skráningu örnefna og kortlagningu þeirra. Breiðafjarðarnefnd telur mikilvægt að haldið verði áfram vinnu við skráningu örnefna.

Bæklingar Breiðafjarðarnefndar

Breiðafjarðarnefnd hefur gefið út bæklingana „Fuglalíf á Breiðafirði“ og „Breiðafjörður - Náttúra og saga“ á bæði íslensku og ensku. Bæklingunum er m.a. dreift án endurgjalds af ferðaþjónustuaðilum við Breiðafjörð. Einnig eru bæklingarnir aðgengilegir á heimasíðu Breiðafjarðarnefndar.

Breiðafjarðarnefnd ákvað á árinu að efla fræðslu um verndarsvæðið með útgáfu bæklinga um hlunnindi. Samkomulag náðist við Háskólasetur Snæfellsness sem vann á árinu við gerð bæklinga

um hlunnindi og hlunnindanytjar á Breiðafirði. Stefnt er að því að gefa bæklinginn út á íslensku og ensku.

Vettvangsferð 25. júní 2013 um Breiðafjörð

Áður en formlegur fundur var haldinn í Flatey fór Breiðafjarðarnefnd í vettvangsferð um Breiðafjörð, lagt var af stað kl. 09.15 frá Stykkishólsmshöfn. Siglt var með tveimur RIB bátum frá Ocean Safari. Fyrsti viðkomustaður voru Bjarneyjar. Ásgeir Gunnar sá um kynningu á eyjunum og nytjum á svæðinu. Nefndarmenn skoðuðu húsakosti og þáðu veitingar. Næst var siglt norðvestur fram hjá Oddbjarnarskeri og áfram að Drápskerjum þar sem farið var í land. Þar notuðu menn tækifærið og böðuðu sig í heitum hver. Að lokinni baðstund var siglt til Hergilseyjar og þar var farið í land. Við Hergilsey voru snæddar veitingar og sagði Sigurður Þórólfsson frá sögu Gísla Súrssonar er hann dvaldi í Hergilsey og flúði undan Berki digra og hans mönnum. Síðasti viðkomustaður var Flatey. Þar naut hópurinn leiðsagnar Valdimars Valdimarssonar um eyjuna. Ferðahópurinn þáði síðan veitingar á Hótel Flatey í boði Reykhólahrepps. Að lokum var síðan siglt aftur til Stykkishólms í blíðskaparveðri.

Breiðafjarðarnefnd þakkar eftirtöldum fyrir vettvangsferðina: Ocean Safari fyrir góða og skemmtilega siglingu ásamt fyrirmyndarþjónustu, Reykhólahrepp fyrir veitingarnar í Flatey, Ásgeiri Gunnari og Magnúsi fyrir skipulagningu vettvangsferðarinnar og Sigurði og Valdimari fyrir leiðsögn í ferðinni.

Gestir Breiðafjarðarnefndar í vettvangsferðinni voru Gísli Einarsson fréttamaður og Morten S. Riishuus jarðfræðingur. Einnig voru makar nokkurra nefndarmanna með í för.

Heimasíða Breiðafjarðarnefndar

Breiðafjarðarnefnd heldur úti heimasíðu á slóðinni www.breidafjordur.is. Þar má m.a. nálgast fundargerðir og starfsskýrslur nefndarinnar, verndaráætlun, vöktunar- og rannsóknáætlun fyrir Breiðafjörð, skýrsluna „Örnefni í sjó á Breiðafirði“, stöðuskýrslu um náttúrufar á Breiðafirði, útgefnar heimildir um jarðir, ábúendur, búnaðarhætti og fleira sem tengist sögu Breiðafjarðar.

Bæklingar nefndarinnar „Breiðafjörður – Náttúra og saga“ og „Fuglalíf á Breiðafirði“ eru einnig aðgengilegir á heimasíðunni.

Ýmsar aðrar upplýsingar og myndir frá Breiðafirði er einnig að finna á heimasíðunni.

Önnur mál

Öll önnur mál sem Breiðafjarðarnefnd fjallaði um á árinu og afgreiddi er að finna í meðfylgjandi fundargerðum nefndarinnar í [Viðauka I](#) og yfirliti yfir innsend og útsend erindi í [Viðauka II](#).

Viðaukar

Til að veita ráðherra, almenningi og sveitarfélögum innsýn í starfsemi Breiðafjarðarnefndar fylgja starfsskýrslunni þrír viðaukar.

[Viðauki – I:](#) Fundargerðir Breiðafjarðarnefndar, bls. 9-24

[Viðauki – II:](#) Yfirlit yfir innsend og útsend erindi, bls. 25-28

[Viðauki – III:](#) Skýrslur og bæklingar, bls. 29

Óski ráðherra eftir frekari upplýsingum um störf Breiðafjarðarnefndar á árinu 2013 verða þær að sjálfsögðu veittar.

f.h. Breiðafjarðarnefndar



Halla S. Steinólfsdóttir, formaður

Fundargerðir Breiðafjarðarnefndar 2013

130. fundur Breiðafjarðarnefndar, haldinn 27. Febrúar 2013 í Stykkishólmi

Mætt: Halla Steinólfsdóttir formaður, Eiríkur Snæbjörnsson, Sigurður Þórólfsson, Magnús A. Sigurðsson, Trausti Baldursson, Arnheiður Jónsdóttir og Ásgeir Gunnar Jónsson varamaður. Guðríður Þorvarðardóttir varaformaður og Erla Friðriksdóttir boðuðu forföll.

Fundarritari: Pálmi Freyr Sigurgeirsson

Formaður setti fund kl. 10:30.

Fundargerð 129. fundar

Afgreiðsla: Fundargerðin var upplestin og samþykkt.

Verndaráætlun fyrir Breiðafjörð

Þar sem ekki tókst að ljúka við samning á síðasta ári við Náttúrufræðistofnun Íslands um verndaráætlun fyrir Breiðafjörð óskar Breiðafjarðarnefnd eftir því að fjársýsla ríkisins færi það fjármagn sem ætlað var í verndaráætlunina 2012 til þessa árs.

Afgreiðsla:

Breiðafjarðarnefnd samþykkir að ganga til samninga við Náttúrufræðistofnun Íslands um að ljúka við gerð verndaráætlunar Breiðafjarðar á grundvelli fyrirbyggjandi samnings sem sendur var út til nefndarmanna í tölvupósti 28. janúar. Breiðafjarðarnefnd samþykkir samninginn og felur formanni að ganga frá honum.

Breiðafjarðarnefnd heimilar Náttúrufræðistofnun að hefja vinnu við endurskoðun verndaráætlunar innan ramma fyrrgreinds samnings.

Bæklingur um nytjar á Breiðafirði

Árni Ásgeirsson líffræðingur á Háskólasetri Snæfellsness mætti á fundinn og kynnti drög að texta í bæklingi um hlunnindanýtingu við Breiðafjörð.

Síldardauðinn í Kolgrafafirði

Róbert A. Stefánsson forstöðumaður Náttúrustofu Vesturlands mætti á fundinn og sagði frá síldardauðanum í Kolgrafafirði og ástandinu á svæðinu.

Afgreiðsla:

Vegna síldardauðans í Kolgrafafirði leggur Breiðafjarðarnefnd áherslu á að vöktun, rannsóknum og aðgerðum verði framhaldið til að koma í veg fyrir frekari skaða á lífríki fjarðarins og nágrenni. Huga þarf sérstaklega að mögulegum aðgerðum fyrir vorið vegna komu farfugla og æðarvarps.

Mikilvægt að atburðarásin fram undan verði vel skráð svo draga megi sem mestan lærdóm af þessu atviki m.a. til hægt sé að gera viðbragðsáætlun sem bæði tekur til verndar og nýtingar eftir því sem við á ef svipaður atburður endurtekur sig.

Nauðsynlegt er að fylgjast vel með hvernig lífríki fjarðarins jafnar sig þ.á.m. botndýralíf.

Fjárhagsáætlun 2013

Rekstaráætlun 2013 var kynnt og samþykkt og ákveðið var að endurskoða áætlunina í október.

Önnur mál

Nefndarmenn ræddu um vettvangsferð 2013 og er áætlað er að fara í byrjun júlí. Ásgeir Gunnar og Magnús ætla að sjá um skipulagningu ferðarinnar.

Lagt var fram bréf svæðisskipulagsnefndar Snæfellsness, dags. 1.2.2013 vegna umsagnar Breiðafjarðarnefndar á lýsingu svæðisskipulags á Snæfellsnesi.

Fundi var slitið kl. 14:10. Næsti fundur er áætlaður í apríl 2013.

131. fundur Breiðafjarðarnefndar, haldinn 26. mars 2013 í Stykkishólmi

Mætt: Halla Steinólfsdóttir formaður, Eiríkur Snæbjörnsson, Sigurður Þórólfsson, Magnús A. Sigurðsson, Trausti Baldursson, Arnheiður Jónsdóttir og Ásgeir Gunnar Jónsson varamaður. Guðríður Þorvarðardóttir varaformaður og Erla Friðriksdóttir boðuðu forföll.

Fundarritari: Pálmi Freyr Sigurgeirsson

Formaður setti fund kl. 10:30.

Fundargerð 130. fundar

Afgreiðsla: Fundargerðin var upplestin og samþykkt.

Tilnefning Breiðafjarðar á heimsminjaskrá UNESCO

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið fer þess á leit að Breiðafjarðarnefnd taki saman yfirlit um gögn og stöðu þekkingar um Breiðafjarðarsvæðið sem er á yfirlitsskrá Ísland fyrir heimsminjasamnings UNESCO vegna menningar- og náttúruminja.

Afgreiðsla:

Breiðafjarðarnefnd fór yfir yfirlitsskrá fyrir heimsminjasamning UNESCO. Ritara er falið að ljúka við skráninguna. Nefndin ákvað að óska eftir fresti til Umhverfis- og auðlindaráðuneytisins vegna gagnaöflunar.

Bæklingur um nytjar á Breiðafirði

Breiðafjarðarnefnd fór yfir textann í nytjabæklingnum og töldu hann að mörgu leyti vera góðan. Nefndarmenn munu skila athugasemdum fyrir 15. apríl.

Starfsskýrsla 2012

Ritari lagði fram drög að starfsskýrslu 2012.

Afgreiðsla:

Lokið verður við starfsskýrsluna á næsta fundi nefndarinnar.

Önnur mál

Lagður var fram tölvupóstur Kolbrúnu Reynisdóttur fyrrum formanns Breiðafjarðarnefndar um B.A. verkefni tveggja aðila um Hallbjarnareyri og fólksfjölda- og íbúðapróun í Eyrarsveit á 19. öld.

Bréf Huldu Birnu Albertsdóttur „Örnefnaskráning í Dalabyggð á ráðstefnu landfræðinga 11.-14. júní 2013“ var lagt fram.

Fjallað var um grein í Skessuhorninu dags. 14. mars 2013 um síldardauðann í Kolgrafafirði og viðtal við Róbert A. Stefánsson.

Fundi var slitið kl. 14:10. Næsti fundur er áætlaður í 23. apríl 2013.

132. fundur Breiðafjarðarnefndar, haldinn 15. maí 2013 í Stykkishólmi

Mætt: Halla Steinólfsdóttir formaður, Guðríður Þorvarðardóttir varaformaður, Eiríkur Snæbjörnsson, Sigurður Þórólfsson, Magnús A. Sigurðsson, Trausti Baldursson, Erla Friðriksdóttir og Þórólfur Halldórsson varamaður. Arnheiður Jónsdóttir boðaði forföll.

Fundarritari: Pálmi Freyr Sigurgeirsson

Formaður setti fund kl. 10:30.

Fundargerð 131. fundar

Afgreiðsla: Fundargerðin var upplestin og samþykkt.

Fyrirspurn Fornleifafélags Barðstrendinga og Dalamanna um örnefnaskráningu á Breiðafirði

Fornleifafélag Barðstrendinga og Dalamanna spyr um stöðu mála varðandi skrásetningu og hnitsetningu örnefna á Breiðafjarðarsvæðinu.

Afgreiðsla:

Breiðafjarðarnefnd fagnar áhuga fornleifafélags Barðstrendinga og Dalamanna. Ritara falið að veita umbeðnar upplýsingar og óska eftir fundi með fornleifafélaginu þar sem hugsanlegir samstarfsfletir verða ræddir.

Bæklingur um nytjar á Breiðafirði

Nefndarmenn fóru yfir textadrög nytjabæklingsins.

Verndaráætlun Breiðafjarðar

Trausti kynnti stöðu vinnu við verndaráætlun.

Starfsskýrsla 2012

Ritari lagði fram drög að starfsskýrslu 2012.

Afgreiðsla:

Umræður um starfsskýrslu fóru fram en ekki tókst að ljúka við starfsskýrsluna en hún verður lögð fram til endanlegrar afgreiðslu á næsta fundi.

Önnur mál

Lagt var fram til kynningar bréf frá félagi bátaáhugamanna Breiðafjarðar um „Bátadaga á Breiðafirði 2013“.

Nefndarmenn ræddu um fyrirhugaða vettvangsferð Breiðafjarðarnefndar. Stefnt er á að fara að fara í dagsferð í byrjun júlí með tilliti til sjávarfalla.

Fundi var slitið kl. 14:40. Næsti fundur er áætlaður 5. júní 2013.

133. fundur Breiðafjarðarnefndar, haldinn 7. júní 2013 í Stykkishólmi

Mætt: Halla Steinólfsdóttir formaður, Sigurður Þórólfsson, Magnús A. Sigurðsson, Trausti Baldursson, Arnheiður Jónsdóttir, Ásgeir Gunnar Jónsson varamaður og Signý Magnfríður Jónsdóttir varamaður. Guðríður Þorvarðardóttir varaformaður, Eiríkur Snæbjörnsson og Erla Friðriksdóttir boðuðu forföll.

Fundarritari: Pálmi Freyr Sigurgeirsson

Formaður setti fund kl. 10:30.

Fundargerð 132. fundar

Afgreiðsla: Fundargerðin var upplestin og samþykkt.

Bæklingur um nytjar á Breiðafirði

Árni Ásgeirsson frá Háskólasetri Snæfellsness kom á fundinn. Háskólasetrið mun setja bæklinginn upp og koma með tillögur að myndum. Gert er ráð fyrir að ljúka bæklingnum fyrir 1. október 2013.

Verndaráætlun Breiðafjarðar

Trausti fór yfir textadrög verndaráætlunarinnar. Stefnt er á að halda vinnufund til að ljúka yfirferð verndaráætlunarinnar í lok ágúst og senda þá út til sveitarfélaganna við Breiðafjörð til umsagnar.

Starfsskýrsla Breiðafjarðarnefndar 2012

Starfsskýrsla Breiðafjarðarnefndar 2012 var lögð fram og samþykkt. Formaður mun funda með umhverfis- og auðlindaráðherra fljótlega og afhenda honum starfsskýrsluna.

Magnús leggur fram athugasemd fyrir hönd Guðríðar varaformanns um að fundur í vettvangsferð þann 6. júlí 2012 hefði ekki átt að vera bókaður sem fundur.

Bókun frá Trausta:

Undirritaður situr hjá við afgreiðslu á starfsskýrslu ársins 2012 í heild sinni þar sem hann starfaði ekki í Breiðafjarðarnefnd mestan hluta ársins og sat aðeins tvo fundi á árinu 2012 og þá sem aðalfulltrúi í nýrri nefnd. Undirritaður gerir ekki athugasemd við þann hluta starfsskýrslunnar sem snýr að þeim fundum. Undirritaður vill gera alvarlega athugasemd við að í starfsskýrslu 2012 sé skráður fundur 6. júlí í vettvangsferð en þáverandi formaður nefndarinnar Guðríður Þorvarðardóttir hefur látið koma fram að formaður hafi ekki boðað til fundar í vettvangsferðinni. Þrátt fyrir þetta inniheldur starfsskýrslan fund í vettvangsferðinni. Undirritaður telur það með öllu óásættanlegt að stofnað sé til fundar í Breiðafjarðarnefnd án samþykkis formanns nefndarinnar.

Önnur mál

Vettvangsferð Breiðafjarðarnefndar 2013

Haldið verður í vettvangsferð um Breiðafjörð þann 25. júní n.k. Siglt verður frá Stykkishólshöfn

Fundi var slitið kl. 14:40. Næsti fundur er áætlaður 25. júní 2013.

134. fundur Breiðafjarðarnefndar, haldinn 25. júní 2013 í Flatey á Breiðafirði.

Mætt: Halla S. Steinólfsdóttir formaður, Arnheiður Jónsdóttir, Sigurður Þórólfsson, Magnús A. Sigurðsson, Trausti Baldursson, Erla Friðriksdóttir og Ásgeir Gunnar Jónsson varamaður. Guðríður Þorvarðardóttir varaformaður og Eiríkur Snæbjörnsson forfölluðust.

Fundarritari: Pálmi Freyr Sigurgeirsson.

Formaður setti fund kl. 17:00

Vettvangsferð Breiðafjarðarnefndar.

Áður en formlegur fundur var haldinn í Flatey fór Breiðafjarðarnefnd í vettvangsferð um Breiðafjörð, lagt var af stað kl. 09.15 frá Stykkishólshöfn. Siglt var með tveimur RIB bátum frá Ocean Safari. Fyrsti viðkomustaður voru Bjarneyjar. Ásgeir Gunnar sá um kynningu á eyjunum og nytjum á svæðinu. Nefndarmenn skoðuðu húsakosti og þáðu veitingar. Næst var siglt norðvestur fram hjá Oddbjarnarskeri og áfram að Drápskerjum þar sem farið var í land. Þar notuðu nefndarmenn tækifærið og böðuðu sig í heitum hver. Að lokinni baðstund var siglt til Hergilseyjar og þar var farið í land. Við Hergilsey voru snæddar veitingar og sagði Sigurður Þórólfsson frá sögu Gísla Súrssonar er hann dvaldi í Hergilsey og flúði undan Berki digra og hans mönnum. Síðasti viðkomustaður var Flatey. Þar naut hópurinn leiðsagnar Valdimars Valdimarssonar um eyjuna. Ferðahópurinn þáði síðan veitingar á Hótel Flatey í boði Reykhólahrepps. Að lokum var síðan siglt aftur til Stykkishólms í blíðskaparveðri.

Breiðafjarðarnefnd þakkar eftirtöldum fyrir vettvangsferðina: Ocean Safari fyrir góða og skemmtilega siglingu ásamt fyrirmyndarþjónustu, Reykhólahrepp fyrir veitingarnar í Flatey, Ásgeiri Gunnari og Magnúsi fyrir skipulagningu vettvangsferðarinnar og Sigurði og Valdimari fyrir leiðsögn í ferðinni.

Gestir Breiðafjarðarnefndar í vettvangsferðinni voru Gísli Einarsson fréttamaður og Morten S. Riishuus jarðfræðingur. Einnig voru makar nokkurra nefndarmanna með í för.

Smábátahöfnin í Innstapolti Flatey

Í aðalskipulagi fyrir Reykhólahrepp er í Flatey gert ráð fyrir smábátahöfn í Innstapolti. Erindi um smábátahöfn í Flatey hefur verið tekið fyrir áður í Breiðafjarðarnefnd. Nefndin fór á vettvang og skoðaði aðstæður fyrir smábátahöfn í Innstapolti. Umræður urðu um deiliskipulagstillöguna.

Deiliskipulagstillaga fyrir frístundahús í Flatey

Í aðalskipulagi fyrir Reykhólahrepp er í Flatey gert ráð fyrir byggingu frístundahúsa. Deiliskipulagstillaga fyrir frístundahúsabyggð mun vera í kærufarli. Breiðafjarðarnefnd fór á vettvang og skoðaði deiliskipulagsreitinn. Umræður urðu um deiliskipulagstillöguna.

Deiliskipulagstillaga fyrir Holtsfit á Barðaströnd

Óskað er eftir umsagnar Breiðafjarðarnefndar um deiliskipulagstillögu vegna byggingu sumarhúss á Holtsfit á Barðaströnd. Svæðið sem deiliskipulagstillagan nær til er á jaðri verndarsvæðis Breiðafjarðar.

Afgreiðsla:

Breiðafjarðarnefnd gerir ekki athugasemdir við deiliskipulagstillöguna.

Fundi slitið kl. 17:30. Næsti fundur verður ákveðinn síðar.

135. fundur Breiðafjarðarnefndar, haldinn 27. ágúst 2013 í Stykkishólmi

Mætt: Halla Steinólfsdóttir formaður, Guðríður Þorvarðardóttir varaformaður, Eiríkur Snæbjörnsson, Magnús A. Sigurðsson, Trausti Baldursson, Arnheiður Jónsdóttir, Ásgeir Gunnar Jónsson varamaður og Hugrún Otkatla Hjartardóttir varamaður. Sigurður Þórólfsson og Erla Friðriksdóttir boðuðu forföll.

Fundarritari: Pálmi Freyr Sigurgeirsson

Formaður setti fund kl. 10:30.

Fundargerð 133. fundar

Afgreiðsla: Fundargerðin var upplestin og samþykkt.

Fundargerð 134. fundar

Afgreiðsla: Fundargerðin var upplestin og samþykkt.

Deiliskipulagstillaga fyrir Berserkseyri

Óskað er eftir umsagnar Breiðafjarðarnefndar um deiliskipulagstillögu Grundarfjarðarbæjar fyrir Berserkseyri.

Afgreiðsla:

Breiðafjarðarnefnd gerir ekki athugasemd við þann hluta deiliskipulagstillögunnar sem snýr að nefndinni.

Beiðni um sérstaka friðun Steindakletta í Hvammsfjarðarröst

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið óskar eftir umsögn Breiðafjarðarnefndar vegna beiðni Kristjáns Kára Jakobssonar um sérstaka friðun Steindakletta í Hvammsfjarðarröst til verndunar lundavarps í Steindaklettum.

Afgreiðsla:

Breiðafjarðarnefnd fjallaði um erindið en mun svara því síðar eftir nánari skoðun og gagnaöflun. Skoða þarf m.a. setningu reglugerða í samræmi við lög um vernd Breiðafjarðar, verndaráætlun Breiðafjarðar,

siglingalög, lög nr. 64/1994 og eigin reglur ferðaþjónustuaðila um vistvænar siglingar að viðkvæmum búsvæðum dýra.

Skýrsla Fornleifafræðistofu vegna fyrirhugaðrar endurgerðar Skarðsbúðar í Bjarneyjum

Breiðafjarðarnefnd fagnar framtaki Bjarneyinga að gera fornleifaskýrslu vegna fyrirhugaðrar endurgerðar Skarðsbúðar í Bjarneyjum og telur hana vera til fyrirmyndar.

Afgreiðsla:

Nefndin gerir ekki athugasemdir við verkefnið. Ásgeir Gunnar tók ekki þátt í afgreiðslu erindisins vegna tengsla við verkefnið.

Bæklingur um nytjar á Breiðafirði

Breiðafjarðarnefnd fór yfir myndir sem nota á í bæklinginn.

Verndaráætlun Breiðafjarðar

Vinna við verndaráætlun haldið áfram. Nefndarmenn eiga að skila inn athugasemdum fyrir 16. september nk.

Önnur mál

Formaður sagði frá því að hún og varaformaður hafi farið þann 13. ágúst sl. á fund umhverfis- og auðlindaráðherra og afhentu honum starfsskýrslu síðasta árs.

Fundi var slitið kl. 14:00. Næsti fundur er áætlaður 25. september 2013.

136. fundur Breiðafjarðarnefndar, haldinn 10. október 2013 í Náttúrufræðistofnun Íslands í Garðabæ

Mætt: Halla Steinólfsdóttir formaður, Guðríður Þorvarðardóttir varaformaður, Eiríkur Snæbjörnsson, Magnús A. Sigurðsson, Trausti Baldursson, Sigurður Þórólfsson, Erla Friðriksdóttir og Þórólfur Halldórsson varamaður. Arnheiður Jónsdóttir boðaði forföll.

Fundarritari: Pálmi Freyr Sigurgeirsson

Formaður setti fund kl. 10:30.

Fundargerð 135. fundar

Afgreiðsla: Fundargerðin var upplestin og samþykkt.

Beiðni um sérstaka friðun Steinakletta í Hvammsfjarðarröst

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið óskar eftir umsögn Breiðafjarðarnefndar vegna beiðni Kristjáns Kára Jakobssonar um sérstaka friðun Steinakletta í Hvammsfjarðarröst til verndunar lundavarps í Steinaklettum.

Afgreiðsla:

Breiðafjarðarnefnd telur að ekki séu fullnægjandi forsendur fyrir hendi til að meta hvort mæla megi með sérstakri friðlýsingu Steinakletta. Vert er að vekja athygli á því að Steinaklettar eru í fjölfarinni siglingaleið og að lunda hefur fækkað um allan Breiðafjörð vegna fæðuskorts. Þá er ekki vitað hvort minkur hafi haft áhrif á afkomu lunda í Steinaklettum. TB falið að gera uppkast að svarbréfi.

Verndaráætlun Breiðafjarðar

Trausti fór ítarlega með nefndarmönnum yfir nýjustu drög að verndaáætlun Breiðafjarðar.

Drögin að verndaráætluninni verða á næstu vikum send til sveitarfélaga við Breiðafjörð til umsagnar.

Lenging á ferjubryggju í Stykkishólshöfn

Lagt var fyrir erindi frá Stykkishólmsbæ, tölvupóstur Gyðu Steinsdóttur bæjarstjóra um lengingu á ferjubryggju í Stykkishólshöfn.

Afgreiðsla:

Breiðafjarðarnefnd gerir ekki athugasemdir svo framarlega að ekki sé farið í efnistöku innan verndarsvæðisins.

Vistvæn Flatey

Flateyjarveitur leita til Breiðafjarðarnefndar um samstarf um verkefnið *Vistvænni Flatey: leiðir að sjálfbærum orkubúskap*, og vinna með Flateyjarveitum og íbúum Flateyjar að skilgreina vistvæna Flatey auk þess að leita leiða til að ná settum markmiðum.

Afgreiðsla:

Breiðafjarðarnefnd þakkar Flateyjarveitum fyrir bréfið. Nefndin óskar eftir frekari upplýsingum um umbeðið samstarf.

Fjármál Breiðafjarðarnefndar

Ritari lagði fram fjárhagsstöðu Breiðafjarðarnefndar.

Önnur mál

Þórólfur leggur fram eftirfarandi bókun:

Breiðafjarðarnefnd lýsir yfir ánægju með þá ákvörðun umhverfis- og auðlindaráðherra að afturkalla lög um náttúruvernd nr. 60/2013 og hefja endurskoðun á náttúruverndarlögum með það að markmiði að styrkja stöðu náttúruverndar og ná um þau sátt.

GP - Nefndin ákvað að taka bókunina ekki til afgreiðslu.

Fundi var slitið kl. 15:40. Næsti fundur verður ákveðinn síðar.

137. fundur Breiðafjarðarnefndar, haldinn 11. desember 2013 í Stykkishólmi

Mætt: Halla Steinólfsdóttir formaður, Guðríður Þorvarðardóttir varaformaður, Arnheiður Jónsdóttir, Magnús A. Sigurðsson, Trausti Baldursson, Sigurður Þórólfsson og Erla Friðriksdóttir. Eiríkur Snæbjörnsson boðaði forföll.

Fundarritari: Pálmi Freyr Sigurgeirsson

Formaður setti fund kl. 10:30.

Fundargerð 136. fundar

Afgreiðsla: Fundargerðin var upplestin og samþykkt.

Beiðni um upplýsingar um friðlýst svæði – Melrakkaey

Umhverfisstofnun óskar eftir upplýsingum um Melrakkaey sem er friðlýst svæði.

Afgreiðsla:

Breiðafjarðarnefnd bendir á að friðlýsta svæðið Melrakkaey er ekki í umsjón Breiðafjarðarnefndar skv. lögum um náttúruvernd. Auk þess vill Breiðafjarðarnefnd benda á að á verndarsvæðinu eru 4 friðlýst svæði skv. náttúruvernd, það eru: Melrakkaey, Flatey, Hrísey og Vatnsfjörður.

Bæklingur um nytjar á Breiðafirði

Erla, Magnús, Pálmi, Halla ásamt Árna frá Rannsóknasetri HÍ á Snæfellsnesi gera tillögur að myndum fyrir bæklinginn. Pálmi mun afla tilboða í prentun.

Tölvupóstur frá Péttri Kristinssyni

Pétur spyr fyrir um byggingu húsa í eyjum á Breiðafirði.

Afgreiðsla:

Breiðafjarðarnefnd bendir á vinnureglur nefndarinnar um húsbyggingar á verndarsvæðinu og aðalskipulag sveitarfélaga. Formanni falið að svara erindinu.

Fjármál Breiðafjarðarnefndar

Ritari lagði fram fjárhagsáætlun Breiðafjarðarnefndar 2013. Nefndarmenn eru beðnir að koma með tillögur að fjárhagsáætlun 2014 á næsta fundi nefndarinnar.

Örnefnaskráning í Dalabyggð

Lögð var fram greinargerð frá Huldu Birnu Albertsdóttur frá Náttúrustofu Vestfjarða um örnefnaskráningu í Dalabyggð.

Halla formaður mun ræða við Huldu Birnu varðandi framhald verkefnisins.

Verndaráætlun Breiðafjarðar

Lagt var fram bréf dags. 9. des. 2013 frá Stykkishólmsbæ fyrir hönd þriggja sveitarfélaga á Snæfellsnesi þar sem óskað er eftir fresti á að skila umsögn um verndaráætlun Breiðafjarðar og að haldin verði kynning á áætluninni.

Afgreiðsla:

Breiðafjarðarnefnd samþykkir að veita frest og verða við ósk um kynningu á verndaráætlunni. Kynningarfundur fyrir sveitarfélögin við Breiðafjörð verður haldinn 16 janúar 2014.

Önnur mál

Guðríður leggur til að Breiðafjarðarnefnd taki fyrir á næsta fundi drög að reglugerðum skv. lögum um vernd Breiðafjarðar.

Breiðafjarðarnefnd hefur ákveðið að miða fundi nefndarinnar við annan miðvikudag í hverjum mánuði. Afboða skal fund með minnst viku fyrirvara.

Fundi var slitið kl. 15:40. Næsti fundur verður ákveðinn síðar.

Yfirlit yfir innsend og útsend erindi árið 2013

Innsend erindi 2013

25. febrúar 2013. Danfríður Skarphéðinsdóttir, sérfræðingur hjá umhverfis- og auðlindaráðuneyti.

Efni: Upplýsingar um aðgerðir vegna síldar- og grútarmengunar í Kolgrafafirði

6. mars 2013. Hulda Birna Albertsdóttir, Náttúrustofu Vestfjarða.

Efni: Örnefnaskráning, hnitsetning örnefna og verndun menningararfsins.

7. mars 2013. Umhverfis- og auðlindaráðuneyti.

Efni: Heimsminjaskrá UNESCO

28. apríl 2013. Björn Samúelsson, formaður fornleifafélags Barðstrendinga og Dalamanna.

Efni: Skrásetning örnefna á Breiðafirði

20. júní 2013. Ármann Halldórsson, skipulags- og byggingarfulltrúi Vesturbyggðar og Tálknafjarðarhrepps.

Efni: Deiliskipulagstillaga fyrir Holtsfit á Barðaströnd.

24. júní 2013. Bogi Kristinsson, skipulags- og byggingarfulltrúi Dala, A-Barðastrandasýslu og Árneshrepps í Strandasýslu.

Efni: Deiliskipulagstillaga fyrir Flatey

27. júní 2013. Anna Sigrún Baldursdóttir.

Efni: Viðkvæmur mófugl.

17. júlí 2013. Sigurbjartur Loftsson, skipulags- og byggingarfulltrúi Grundarfjarðar.

Efni: Deiliskipulag fyrir Berserkseyri.

16. júlí 2013. Umhverfis- og auðlindaráðuneytið.

Efni: Beiðni um sérstaka friðun Steinkletta í Hvammsfjarðarröst.

20. ágúst 2013. Ásgeir Gunnar Jónsson

Efni: Endurgerð Skarðsbúðar í Bjarneyjum.

20. ágúst 2013. *Kristján Kári Jakobsson.*

Efni: Mál sem skotið hefur verið til Breiðafjarðarnefndar

22. september 2013. *Ingi Hans Sigurðsson.*

Efni: Fyrirspurn um útgefið efni Breiðafjarðarnefndar.

1. október 2013. *Stykkishólmsbær.*

Efni: Lenging ferjubryggju í Stykkishólmshöfn.

3. október 2013. *Flateyjarveitur.*

Efni: Vistvæn Flatey

3. október 2013. *Sigurður Georg Ólafsson.*

Efni: Fyrirspurn um húsakosti á Breiðafirði.

25. október 2013. *Sverrir Jakobsson.*

Efni: Útgáfustyrkur vegna sögu Breiðafjarðar.

15. nóvember 2013. *Pétur Kristinsson*

Efni: Fyrirspurn um hús í eyjum.

27. nóvember 2013. *Umhverfisstofnun.*

Efni: Ástand friðlýstra svæða – Melrakkaey.

6. desember 2013. *Hulda Birna Albertsdóttir, Náttúrustofu Vestfjarða.*

Efni: Örnefnaskráning í Dalabyggð.

9. desember 2013. *Stykkishólmsbær, Snæfellsbær og Grundarfjarðarbær*

Efni: Beiðni um umsagnarfrest og kynningu á verndaráætlun fyrir Breiðafjörð.

17. desember 2013. *Sveinn Pálsson, sveitarstjóri Dalabyggðar*

Efni: Drög að verndaráætlun Breiðafjarðar.

Útsend erindi 2013

12. mars 2013. Umhverfissráðuneytið.

Efni: Umsókn um þóknun vegna nefndarsetu 2012.

13. apríl 2013. Umhverfis- og auðlindaráðuneyti.

Efni: Heimsminjaskrá UNESCO

13. júlí 2013. Ármann Halldórsson, skipulags- og byggingarfulltrúi Vesturbyggðar og Tálknafjarðarhrepps.

Efni: Deiliskipulagstillaga fyrir Holtsfit á Barðaströnd.

27. ágúst 2013. Sigurbjartur Loftsson, skipulags- og byggingarfulltrúi Grundarfjarðar.

Efni: Deiliskipulag fyrir Berserkseyri.

28. ágúst 2013. Ásgeir Gunnar Jónsson

Efni: Endurgerð Skarðsbúðar í Bjarneyjum.

25. september 2013. Ingi Hans Sigurðsson.

Efni: Fyrirspurn um útgefið efni Breiðafjarðarnefndar.

14. október 2013. Stykkishólmsbær.

Efni: Lenging ferjubryggju í Stykkishólmshöfn.

3. október 2013. Flateyjarveitur.

Efni: Vistvæn Flatey

12. nóvember 2013. Umhverfis- og auðlindaráðuneytið.

Efni: Beiðni um sérstaka friðun Steinkletta í Hvammsfjarðarröst.

19. nóvember 2013. Dalabyggð.

Efni: Drög að verndaráætlun Breiðafjarðar.

19. nóvember 2013. Grundarfjarðarbær.

Efni: Drög að verndaráætlun Breiðafjarðar.

19. nóvember 2013. Helgafellssveit.

Efni: Drög að verndaráætlun Breiðafjarðar.

19. nóvember 2013. Reykhólahreppur.

Efni: Drög að verndaráætlun Breiðafjarðar.

19. nóvember 2013. Snæfellsbær.

Efni: Drög að verndaráætlun Breiðafjarðar.

19. nóvember 2013. Stykkishólmur.

Efni: Drög að verndaráætlun Breiðafjarðar.

19. nóvember 2013. Vesturbyggð.

Efni: Drög að verndaráætlun Breiðafjarðar.

15. desember 2013. Umhverfisstofnun.

Efni: Ástand friðlýstra svæða – Melrækkaey.

16. desember 2013. Pétur Kristinsson

Efni: Fyrirspurn um hús í eyjum.

16. desember 2013. Stykkishólmur, Snæfellsbær og Grundarfjarðarbær

Efni: Beiðni um umsagnarfrest og kynningu á verndaráætlun fyrir Breiðafjörð.

Skýrslur og bæklingar

Breiðafjarðarnefnd eða einstakir nefndarmenn hafa gefið út eða óskað eftir að eftirfarandi skýrslur og bæklingar verði unnar vegna verndar Breiðafjarðar:

1995. Ævar Petersen og Guðmundur A. Guðmundsson. Breiðafjörður West Iceland A Marine Conservation Area, WWF Arctic Bulletin, 3, 20 bls.

1998. Ævar Petersen, Guðríður Þorvarðardóttir, J. Pagnan & Sigmundur Einarsson

1998. Breiðafjörður: West-Iceland. An Arctic marine protected area. Parks 8(2): 23-28.

1999. Guðríður Þorvarðardóttir. Verndaráætlun Breiðafjarðar 2000-2004. Breiðafjarðarnefnd, 92 bls.

2004. Benedikt Eypórsson tók saman. Útgefnar heimildir um jarðir, ábúendur, búnaðarhætti og fleira sem tengist sögu Breiðafjarðarsvæðisins. Breiðafjarðarnefnd, 66 bls.

2004. Kynningarbæklingur um Breiðafjörð "Breiðafjörður – Náttúra og saga". Náttúrustofa Vesturlands vann fyrir Breiðafjarðarnefnd.

2005. Gunnar Þór Hallgrímsson og Ævar Petersen. Stöðuskýrsla um náttúrufarsrannsóknir á Breiðafirði. Náttúrufræðistofnun Íslands vann fyrir Breiðafjarðarnefnd, 66 bls.

2006. Kynningarbæklingur um Breiðafjörð "Fuglalíf á Breiðafirði". Náttúrustofa Vesturlands vann fyrir Breiðafjarðarnefnd.

2007. Guðrún Gísladóttir og Hjördís Linda Jónsdóttir. Örnefni í sjó á Breiðafirði. Raunvísindastofnun Háskóla Íslands og Breiðafjarðarnefnd, 25 bls.

2007. Ritstj. Róbert Arnar Stefánsson, Menja von Schmalensee og Kristinn Haukur Skarphéðinsson. Rannsóknir og vöktun á náttúru Breiðafjarðar – Niðurstöður sérfræðingafundar í Stykkishólmi, 12. – 13. september 2007. Breiðafjarðarnefnd, 22 bls.

2009. Ritstj. Magnús A. Sigurðsson, Ragnar Edvardsson og Svavar Sigmundsson. Menningarminjar á Breiðafirði – Niðurstöður sérfræðingafundar í Stykkishólmi 17. – 18. apríl 2009. Breiðafjarðarnefnd, 17 bls.

Ofangreindar skýrslur og bæklinga er hægt að nálgast á heimasíðu Breiðafjarðarnefndar á slóðinni <http://breidafjordur.is/Utgafa/index.htm>